

Fundur framkvæmdaráðs um sameiningu sveitarfélaga í A-Hún haldinn 25.10.2018 Í húsnæði Biopol ehf. á Skagaströnd.

Fundinn sátu, Dagný R. Úlfarsdóttir, Guðmundur H. Jakobsson, Halldór G. Ólafsson og Þorleifur Ingvarsson.

Þorleifur Ingvarsson setti fundinn kl. 17.00 og lagði fram svohljóðandi dagskrá

1. Viðaukasamningur við Ráðrík ehf.
2. Samfélagssáttmáli og tímaáætlun vegna sameiningar.
3. Málefnastrá.
4. Aðkoma ríkisvaldsins.

1. Viðaukasamningur við Ráðrík ehf.

Í viðauka við fyrri samning við Ráðrík ehf er gert ráð fyrir aukinni vinnu ráðgjafa Ráðrík ehf umfram fyrri samning. Í viðaukanum er einnig gert ráð fyrir að starftími ráðgjafa verði út maí 2019. Kostnaðarauki vegna viðbótarsamnings er 1.400.000 kr án vsk.

Fyrirliggjandi viðauki við fyrri samning við Ráðrík ehf var samþykktur með þeim fyrirvara að greiðsla kæmi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna kostnaðar sem viðaukinn felur í sér.

2. Samfélagssáttmáli og tímaáætlun vegna sameiningar.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Ráðrík ehf dagsett 22.10.2018, varðandi verklag og tímalínu ef gert er ráð fyrir sameiningarkosningum í byrjun júní 2019. Einnig gerð samfélagssáttmála um markmið sameinaðrar sýslu til lengri tíma.

Minnisblaðið var rætt án sérstakrar bókkunar.

3. Málefnastrá.

- a. Skipan sveitarstjórnar
- b. Stjórnsýsla
- c. Skattheimta
- d. Skólamál
- e. Atvinnumál
- f. Fjallskilamál
- g. Umhverfismál
- h. Samgöngur
- i. Félagsmál
- j. Íþrótt og æskulýðsmál
- k. Menningarmál
- l. Brunavarnir
- m. Skipulagsmál

Málefnskrá var yfirfarinn og rædd. Ítarlegri umfjöllun verður á næsta fundi framkvæmdaráðs.

4. Aðkoma ríkisvaldsins

- a. Fjárhagsleg
- b. Atvinnu- og byggðamál
- c. Samgöngumál
- d. Fráveitumál
- e. Sérþækar aðgerðir

Áður talin atriði rædd. Fundarmenn voru sammála um að forsenda sameiningar sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu sé ásættanleg aðkoma ríkisvaldsins.

Næsti fundur framkvæmdaráðs var ákveðinn miðvikudaginn 7. nóvember.

Fleira ekki gert . Fundi slitið kl. 18.30